



REGLUR RANGÁRÞINGS EYSTRA UM ÞÁTTTÖKU Í FARSÍMAKOSTNAÐI STARFSMANNA.

1. gr. markmið

Markmið þessara reglna er að stuðla að hagkvæmni og árangursríkum samskiptum starfsmanna og auðvelda þeim að hagnýta upplýsingatækni. Reglunum er enn fremur ætlað að tryggja jafnræði og gagnsæi í úthlutun á farsíma eða greiðsluþátttöku í farsímakostnaði starfsmanna. Reglurnar gilda fyrir alla starfsstaði Rangárþings eystra.

2. gr. ákvörðun um úthlutun

Yfirmenn og forstöðumenn stofnana ákveða hvaða starfsmenn skuli falla undir reglur þessar og eiga rétt á úthlutun farsíma eða greiðslu afnotagjalds á grunni þeirra.

Rangárþing eystra gerir formlegan samning við hvern starfsmann þann starfsmann sem fær greiddan kostnað vegna farsímanotkunar. Samningur skal undirritaður áður en greiðslur hefjast. Afrit af samningnum skal varðveitt í starfsmannamöppu á launaskrifstofu Rangárþings eystra.

Fjármála- og skrifstofustjóri er ábyrgðarmaður á og sér um að virkja samninginn í samvinnu við fjarskiptaaðila.

3. gr. mat á aðferð

Yfirmenn og forstöðumenn stofnana skulu meta áætlaða farsímaþörf starfsmanns. Matið skal byggja á málefnalegum sjónarmiðum og miðast við þarfir viðkomandi starfs hjá Rangárþingi eystra. Við mat skal stuðst við eftirfarandi töflu:

Tegund notkunar

Starfsmaður þarf daglega að nota farsíma til innskráningar í kerfi eða örugg svæði

Starfsmaður notar farsíma mikið vegna vinnu á bakvöktum, fyrir símtöl, nálgast póst og innskráningu í kerfi eða örugg svæði auk annarra snjallmöguleika.

Starfsmaður notar farsíma og snjalleiginleika mjög mikið vegna vinnu. Þarf starfsins vegna sértækt farsíma.

Viðmiðunarfjárhæð leið

Afnotagjald

Verðbil 100 til 180 þúsund + afnotagjald

Fellur utan viðmiða. Þarfnast heimildar frá fjármálastjóra Rangárþings eystra

Ákvörðun um upphæð er í höndum yfirmanns hvers símanotanda sem þar um ræðir. Það er á ábyrgð yfirmanns að ákveða hverjir fá farsíma frá Rangárþingi eystra eða greiðslu fyrir afnotagjald eigin farsíma í þágu Rangárþings eystra og að greiðslur séu í samræmi við þörf starfsmanns fyrir að nota síma í þágu Rangárþings eystra.



4. gr. skilyrði

Rangárþing eystra samþykkir að taka þátt í farsímakostnaði hjá starfsmönnum sem vinnu sinnar vegna þurfa nauðsynlega á slíkum síma að halda, m.a. vegna:

1. Öryggisvörslu.
2. Öryggissjónarmiða.
3. Eðli starfseminnar.
4. Starfsmenn sem vinna mikið utan eigin starfsstöðvar.
5. Starfsmenn sem auðvelt þarf að vera að ná í, t.d. stjórnendur.

5. gr. hvað er greitt

Rangárþing eystra greiðir afnotagjald fyrir hvern farsíma sem innifelur alla almenna notkun hvers farsíma í þágu Rangárþings eystra. Viðkomandi starfsmaður greiðir það sem umfram kann að vera og er ekki innifalið í afnotagjaldinu.

6. gr. forsendur

Forsenda slíkra greiðslna er að viðkomandi starfsmaður hafi símaþjónustu hjá því símafyrirtæki sem Rangárþing eystra semur við um fjarskiptaþjónustu. Í þeim samningi felst að öll símtöl milli farsíma og borðsíma á kennitölu Rangárþings eystra eru gjaldfrjál, auk allra símtala sem eiga sér stað á Íslandi í farsíma og talsíma óháð fjarskiptafyrirtæki, ásamt öllum SMS-sendingum á Íslandi í farsíma óháð fjarskiptafyrirtæki og innifalið 5 GB gagnamagn á 4G / 5G kerfi viðkomandi farsímafyrirtækis á Íslandi. Umframnotkun telst s.s. símtöl til útlanda, notkun erlendis, hringingar í þjónustunúmer og yfirnúmer. Umframgagnamagn og gagnanotkun erlendis.

7. gr. gildistími samnings

Samningur um farsíma fellur sjálfkrafa úr gildi ef starfsmaður fer í veikindaleyfi, námsleyfi, fæðingarorlof eða annað orlof frá störfum sínum hjá Rangárþingi eystra. Þó falla greiðslur fyrir farsíma ekki niður í sumarorlofi né fyrstu 4 vikur leyfis. Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi þegar starfsmaður lætur af störfum. Yfirmaður getur sagt upp samningi með eins mánaðar uppsagnarfresti ef hann telur starfsmann ekki lengur hafa þörf fyrir farsíma vegna vinnu sinnar. Stjórnandi ber ábyrgð á að tilkynna fjármála- og skrifstofustjóra hvenær greiðslur vegna farsíma falla niður. Samningur um farsíma heldur gildi sínu ef Rangárþing eystra skiptir um fjarskiptafyrirtæki. Þó fellur samningurinn úr gildi ef starfsmaður samþykkir ekki flutning á eigin símanúmeri til nýs fyrirtækis.

8. gr. gildistími

Reglur þessar taka gildi við samþykkt byggðaráðs og skulu endurskoðaðar þegar þurfa þykir.

Samþykkt af byggðaráði 18.06.2026